



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis

Reykjavík, 15. janúar 2024

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra**

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 28. nóvember 2023 þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna vegna tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra. Lagt er til að Alþingi álykti að fela mennta- og barnamálaráðherra að vinna heildstæða stefnu um daglegar, gjaldfrjálsar næringarríkar máltíðir og umgjörð þeirra.

Umboðsmaður barna fagnar þeim áformun sem fram koma í tillögunni og telur brýnt að mótuð sé heildarstefna um skólamáltíðir, enda er holl og góð næring grundvallarþáttur í vexti og þroska barna og hefur áhrif á heilsu þeirra og vellíðan til framtíðar. Embættið tekur einnig heilshugar undir mikilvægi þess að matmálstímar í skólum verði gagnvirkur hluti af námi barna þar sem nemendur fá fræðslu um mataræði og næringu. Einnig telur embættið ljóst að gjaldfrjálsar skólamáltíðir myndu stuðla að auknu jafnrétti og draga úr mismunun og félagslegum ójöfnuði, en í því ljósi er þó einnig mikilvægt að tryggja að breytingin verði ekki á kostnað gæða máltíðanna.

Umboðsmaður barna hefur haldið Barnaþing árin 2023, 2022 og 2019 og hefur þetta málefni verið ofarlega á baugi meðal barnaþingmanna á öllum þingum. Barnaþingmenn lögðu ríka áherslu á að í skólum sé boðið upp á fjölbreyttara og betra fæði. Einnig var bent á mikilvægi þess að boðið væri upp á grænkerafæði ásamt því að aðlaga matinn sérstaklega fyrir nemendur með ofnæmi eða fæðuþöpol. Þá lögðu barnaþingmenn einnig áherslu á að bjóða ætti upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir svo að nemendur gætu betur einbeitt sér og tekist á við verkefni skóladagsins.

Ekki kemur sérstaklega fram að samráð hafi verið haft við börn eða nemendur við gerð tillögunnar. Bendir Umboðsmaður barna á mikilvægi þess að haft sé samráð við börn við mótun stefnunnar frá upphafi, enda er það réttur barna að vera höfð með í ráðum við skipulag menntunar og er það skylda stjórnvalda að veita þeim raunverulega tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á stefnumótun í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans.

Að öðru leyti styður umboðsmaður barna efni tillögunnar og leggur til að hún verði samþykkt, með þeim fyrirvara sem að framan hefur verið rakinn um samráð við börn.

Umboðsmaður barna veitir fúslega frekari upplýsingar sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna